

# REGLUGERÐ

## fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár.

### 1. Leyfishafi.

- 1.1 Íslensk getspá er félag í eigu Íþróttasambands Íslands (ÍSí), Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) og Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ), sem stofnað er til að starfrækja talnagetraunir og/eða bókstafagetraunir í þeim tilgangi að afla fjár til eflingar íþróttum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í félögum innan ÍSí og UMFÍ og til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum ÖBÍ eða til að standa undir annarri starfsemi þess í þágu öryrkja. Heimili félagsins, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. Tegundir talnagetrauna.

- 2.1 Íslensk getspá starfrækir talnagetraunir (lottó) undir heitunum „Lottó 5/38“ og „Vikingalottó“ („Lottó 6/48“), en hina síðarnefndu talnagetraun starfrækir það í samvinnu við eftirgreind talnagetraunafyrirtæki: AB Tipstjänst, Svíþjóð, Norsk Tipping A/S, Noregi, OY Veikkaus ab, Finnlandi, og Dansk Tipstjeneste AS, Danmörku. Um getraunastarfsemina gilda eftirfarandi reglur:

### 3. Leikspjöld, útfylling þeirra og greiðsla.

- 3.1 Íslensk getspá gefur út og dreifir leikspjöldum til þátttöku í talnagetraununum. Á hverju leikspjaldi „Lottó 5/38“ eru 10 leikir (raðir), sem merktir eru bókstöfunum A, B, C, D, E, F, G, H, I og J og er hver leikur með tölunum 1-38. Getur hver þátttakandi tekið þátt í einum til tíu leikjum á hverju leikspjaldi. Á hverju leikspjaldi „Vikingalottós“ eru 10 leikir (raðir), sem merktir eru bókstöfunum A, B, C, D, E, F, G, H, I og J og er hver leikur með tölunum 1-48. Getur hver þátttakandi tekið þátt í 1-10 leikjum á hverju leikspjaldi.
- Á sölustöðum skulu vera leiðbeiningar um þátttöku í viðkomandi talnagetraun. Þar skal og vera hvatning til þátttakanda að rita nafn sitt á þátttökukvittun í öryggisskyni.
- 3.2 Leikir í talnagetraununum, hvorri um sig, fara að jafnaði fram einu sinni í viku samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Íslenskrar getspár.
- 3.3 Leikirnir felast í því að þátttakandi strikar lóðrétt með blýanti eða dökkum penna (ekki rauðum lit) í reiti fimm mismunandi talna í „Lottó 5/38“ en í reiti sex mismunandi talna í „Vikingalottói“, sem hann velur af þeim tölum sem tilgreindar eru í hverri röð og skal byrjað á röð A. Geri þátttakandi villu skal hann ógilda þá röð með því að strika lóðrétt yfir þar til gerðan ógildingarreit viðkomandi raðar, og gildir þá ekki sú röð.
- 3.4 Að loknu vali á tölum samkvæmt lið 3.3 er leikspjaldið afhent söluaðila, sem rennir því í sölukassa sem tengdur er tölvukerfi Íslenskrar getspár. Þátttakandi getur einnig tilkynnt þátttöku sína með því að skýra söluaðila munnlega frá vali sínu á tölum og sér þá söluaðili um skráningu þeirra talna í tölvukerfi Íslenskrar getspár. Þá getur þátttakandi óskað eftir að tölur hans verði valdar af handahófi í sölukassa.
- 3.5 Söluaðili skal síðan afhenda þátttakanda þátttökukvittun ásamt viðkomandi leikspjaldi gegn greiðslu. Á kvittun skal koma fram bókstafur þeirrar eða þeirra raða, sem þátttaka er bundin við og þær tölur, er þátttakandi hefur valið í hverri röð. Þá skal koma fram heildartala þeirrar fjárhæðar, sem greidd hefur verið, dagsetning útdráttar eða gildistími, ef tekið er þátt í fleiri en einni leikviku, og öryggisnúmer, sem auðkennir viðkomandi afgreiðslu.

**Endurprentað blað.**

- Þátttakandi skal ganga úr skugga um að samræmi sé milli kvittunar og merkja á leikspjaldi, eða að hún sé í samræmi við munnleg fyrirmæli hans, hafi hann gefið tölur sínar upp munnlega. Þá ber þátttakanda að ganga úr skugga um að þáttökukvittun greini útdráttardag(a) eða gildistíma sem þátttaka er bundin við.
- 3.6 Leikspjald fyrir „Lottó 5/38“ og „Víkingalottó“ gildir aldrei sem kvittun, en þátttakandi getur notað það aftur eða látið það gilda í 2, 5 eða 10 leikvikur, að eigin vali, ef hann óskar eftir óbreyttu talnavali, með því að strika lóðrétt yfir viðkomandi reit á leikspjaldi um fjölda leikvikna.
- 3.7 Þátttaka í talangetrauninum fer fram í samræmi við það er þáttökukvittun greinir. Telji þátttakandi að þáttökukvittun sé ekki í samræmi við leikspjald eða þær munnlegu upplýsingar, er hann gaf, skal hann bera fram kvörtun sína þegar í stað. Að öðrum kosti verður litið svo á að hann hafi með móttöku þáttökukvittunar samþykkt þáttöku í samræmi við þær tölur, er kvittunin greinir. Þátttakandi ber einn ábyrgð á þáttökukvittun sinni og á enga kröfu til vinnings nema gegn framvísun hennar. Íslensk getspá ber ekki ábyrgð á villu í prentun kvittunar og ábyrgð félagsins á rangri kvittun er takmörkuð við ógildingarverðmæti hennar samkvæmt lið 3.8. Félagið ber ekki ábyrgð á stolnum eða glötuðum kvittunum.
- 3.8 Þáttökukvittun má ógilda með því að skila henni aftur til söluaðila, enda sé það gert samdægurs og sala fór fram og það tímanlega að unnt sé að ljúka ógildingu á innfærslu hennar í tölvukerfi Íslenskrar getspár áður en útdráttur fer fram. Sé þáttökukvittun ógilt, á greiðandi rétt á endurgreiðslu á sömu fjárhæð og hann greiddi.
- 3.9 Verð fyrir hvern leik (röð) í „Lottó 5/38“ er kr. 40,- og í „Víkingalottói“ kr. 20,-. Aðeins er unnt að gerast þátttakandi hjá söluaðilum Íslenskrar getspár.
- 3.10 Öll vinnsla í tölvukerfi Íslenskrar getspár hvað varðar „Lottó 5/38“ skal falla niður frá því 15 mínútum áður en útdráttur á að fara fram þar til útdrætti er að fullu lokið. Að því er varðar „Víkingalottó“ skal vinnsla í tölvukerfinu falla niður 1 klukkustund áður en útdráttur á að fara fram.

#### 4. Kerfisleikspjöld.

- 4.1 Heimilt er að gera sérstök leikspjöld fyrir þá, sem óska þess að nota kerfi við talnagetraunir. Í „Lottó 5/38“ skulu leikspjöld þessi vera fyrir 6, 7, 8, 9 eða 10 talnamöguleika og samsvara tölur þessar 6, 21, 56, 126 eða 252 mismunandi fimm stafa talnaröðum (leikjum) þeirra talna sem valdar eru. Kerfisleikspjald skal þátttakandi fylla út á þann veg að hann strikar lóðrétt í reiti þeirra talna, er hann velur úr tölunum 1-38 og staðfestir fjölda þeirra (6, 7, 8, 9 eða 10) með því að merkja aftan við viðkomandi tölur á spjaldinu.
- 4.2 Í „Víkingalottói“ skulu leikspjöld þessi vera fyrir 7, 8, 9 eða 10 talnamöguleika og samsvara tölur þessar 7, 28, 84, 210 mismunandi 6 stafa talnaröðum þeirra talna sem valdar eru. Kerfisleikspjald skal þátttakandi fylla út á þann veg að hann strikar lóðrétt í reiti þeirra talna, er hann velur úr tölunum 1-48 og staðfestir fjölda þeirra (7, 8, 9 eða 10) með því að merkja aftan við viðkomandi tölur á spjaldinu.
- 4.3 Í framangreindum kerfum ákvarðast verð af fjölda raða og verði fyrir hvern leik (röð) sbr. lið 3.9.

### 5. Útdráttur vinninga.

- 5.1 Útdráttur vinninga í „Lottó 5/38“ fer fram opinberlega á laugardegi, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Íslenskrar getspár að viðstöddum fulltrúa hennar og undir eftirliti fulltrúa dómsmálaráðuneytisins. Útdráttur vinninga fer þannig fram að í þar til gerðum stokki eru valdar fimm vinningstölur, aðaltölur, af tölunum 1-38. Því næst er valin aukatala, „bónustala“, af þeim tölum sem þá eru eftir. Niðurstöður útdráttar og aðrar upplýsingar um framkvæmd hans skal færa í sérstaka gerðabók og undirrita af fulltrúum stjórnarinnar og dómsmálaráðuneytisins.
- 5.2 Útdráttur í „Víkingalottó“ fer fram á hverjum miðvikudegi í heimalandi einhvers samstarfsaðila, undir eftirliti þarlendra yfirvalda, samkvæmt reglum sem samþykktar eru af opinberum eftirlitsaðilum samstarfsaðilanna, hér á landi af dómsmálaráðuneytinu. Þegar dráttur fer fram hér á landi fer um eftirlitið í samræmi við lið 5.1. Útdrátturinn fer fram með þeim hætti að valdar eru sex aðaltölur af tölunum 1-48 og því næst eru valdar 3 aukatölur „bónustölur“ af þeim tölum sem þá eru eftir.
- 5.3 Beri útdráttardag upp á hátíðisdag er heimilt að framkvæma útdrátt næsta virkan dag á undan, eða á öðrum degi sem dómsmálaráðuneytið samþykkir. Vinningstölur fyrir „Lottó 5/38“ og „Víkingalottó“ skulu birtar í fjölmiðlum.
- 5.4 Þeir sem hafa þátttökukvittun með tölum þeim, sem valdar hafa verið, annaðhvort allar eða hluta þeirra í sama leik (röð), án tillits til röðunar þeirra, fá vinning í samræmi við ákvæði liða 5.5-5.8.
- 5.5 Til vinninga skal verja 40% af heildarsöluverði hvernar leikviku og skiptist vinningsfjárhæðin þannig:
- 5.5.1 „Lottó 5/38“:
- 46% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa allar 5 aðaltölur réttar.
  - 8% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar og auk þess rétta aukatölu, „bónustölu“.
  - 13,8% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar.
  - 32,2% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar.
- 5.5.2 „Víkingalottó“:
- Fyrsti vinningur er sameiginlegur hjá þátttökuaðilum sbr. 2. grein. Greiðir hvert talnagetraunafyrirtæki 0,03 ECU (European Currency Unit) af andvirði hvers selds leiks til þessa vinnings. Verðmæti hans í íslenskum krónum ákvarðast af kaupengi ECU á útdráttardegi og skiptist jafnt á milli þeirra sem hafa allar 6 tölurnar réttar.
  - Til annarra vinninga renna 40% af heildarsölu hvernar leikviku hér á landi að frádreginni greiðslu hluta ÍG til fyrsta vinnings Íslenskrar getspár í fyrsta vinningi sbr. a) lið og skiptast í vinningsflokka í eftirgreindum hlutföllum:
    - 28% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 5 aðaltölur réttar og auk þess rétta eina af þrem aukatölum „bónustölum“.
    - 22% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 5 aðaltölur réttar.
    - 35% skiptast jafnt milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar.
    - 15% skiptst jafnt milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar og auk þess rétta eina af þrem aukatölum „bónustölum“.
- 5.6 Þátttakendur hljóta eingöngu vinning í samræmi við hæsta fjölda talna í hverri röð, þ.e. sá sem hlýtur vinning samkvæmt a) lið hlýtur ekki vinning samkvæmt öðrum liðum, o.s.frv. Vinningar skulu færðir niður í næstu heila krónu. Mismunur sem myndast með því skal yfirfærður til vinnings í viðkomandi talangetraun í næstu leikviku.

**Endurprentað blað.**

Stjórn Íslenskrar getspar er heimilt að leggja viðbótarfé frá fyrirtækinu til 1. vinnings í báðum leikjunum við sérstök tækifæri samkvæmt reglum sem dómsmálaráðuneytið samþykkir.

- 5.7 Komi í ljós við útdrátt í „Lottó 5/38“ að:
- enginn þátttakandi hafi allar 5 aðaltölur réttar, skal vinningsfjárhæð þess flokks yfirferast til næstu leikviku og koma í hlut þeirra er fá allar fimm aðaltölur réttar í þeirri leikviku. Verði heldur ekki neinn þátttakandi með allar aðaltölur réttar í þeirri leikviku flyst vinningsfjárhæðin áfram til þarnæstu viku o.s.frv.
  - enginn þátttakandi hafi 4 aðaltölur réttar auk aukatölu skal vinningsfjárhæð þess flokks yfirferast til næstu leikviku og koma í hlut þeirra er fá 4 aðaltölur réttar auk aukatölu í þeirri leikviku. Verði heldur ekki neinn þátttakandi með 4 aðaltölur réttar auk aukatölu í þeirri leikviku flyst vinningsupphæðin áfram til þarnæstu viku o.s.frv.
  - enginn þátttakandi hafi fengið 4 aðaltölur réttar yfirferist vinningur þess flokks til þeirra er fá vinning fyrir þrjár aðaltölur réttar.
- 5.8 Komi í ljós við útdrátt í „Víkingalottói“ að:
- enginn þátttakandi hafi allar 6 aðaltölur réttar, skal vinningsfjárhæð þess flokks yfirferast til næstu leikviku og koma í hlut þeirra er fá allar sex aðaltölur réttar í þeirri leikviku. Verði heldur ekki neinn þátttakandi með allar aðaltölur réttar í þeirri leikviku flyst vinningsfjárhæðin áfram til þarnæstu viku o.s.frv.
  - enginn þátttakandi hafi 5 aðaltölur réttar auk aukatölu skal vinningsfjárhæð þess flokks yfirferast til næstu leikviku og koma í hlut þeirra er fá allar 5 aðaltölur réttar auk aukatölu í þeirri leikviku. Verði heldur ekki neinn þátttakandi með 5 aðaltölur réttar auk aukatölu í þeirri leikviku flyst vinningsupphæðin áfram til þarnæstu viku o.s.frv.
  - enginn þátttakandi hafi 5 aðaltölur réttar skal vinningsfjárhæð þess flokks yfirferast til næstu leikviku og koma í hlut þeirra er fá 5 aðaltölur réttar í þeirri leikviku. Verði enginn þátttakandi með 5 aðaltölur réttar í þeirri leikviku flyst vinningsfjárhæðin áfram til þarnæstu viku o.s.frv.
  - enginn þátttakandi hafi 4 aðaltölur réttar yfirferist vinningur þess flokks til þeirra er fá vinning fyrir 3 aðaltölur réttar auk aukatölu, „bónustölu“.

### 6. Vinningstölur.

6.1 Tölfræðilegar vinningslíkur í talnagetraununum eru sem hér segir:

„Lottó 5/38“:

Fimm aðaltölur:	1:501942
Fjórar aðaltölur og aukatala:	1:100388
Fjórar aðaltölur:	1:3042
Þrjár aðaltölur:	1:95

„Víkingalottó“:

6 réttar aðaltölur:	1:12 271 512
5 réttar aðaltölur og aukatala:	1:681 751
5 réttar aðaltölur:	1:52 442
4 réttar aðaltölur:	1:950
3 réttar aðaltölur og aukatala:	1:262

### 7. Greiðsla vinninga.

- 7.1 Þátttökukvittunum með þremur eða fleiri vinningstölum ber að framvísa til söluaðila. Þar til nafnritun á sér stað aftan á þátttökukvittun er litið á handhafa hennar sem eiganda. Þegar nafnritun hefur átt sér stað skal litið á þann er ritað hefur nafn sitt sem réttan eiganda og rétthafa til vinnings. Hafi fleiri en einn skráð nafn sitt sem eigandi á bakhlíð þátttökukvittunar, þurfa þeir að kvitta fyrir vinningi eða gefa umboð til móttöku hans.
- 7.2 Vinningar, sem ekki nema kr. 15 000, skulu greiddir hjá söluaðila frá fyrsta virkum degi eftir útdrátt. Vinningar, sem nema kr. 15 000 eða meira, skulu greiddir frá aðalskrifstofu Íslenskrar getspár innan tveggja vikna frá því þátttökukvittun er framvísað til söluaðila eða aðalskrifstofu. Heimilt er að draga greiðslu vinninga, sem nema kr. 50 000 eða meira, til þess tíma að kærufrestur samkvæmt lið 9.1 er liðinn eða kærur hafa verið úrskurðaðar, hafi kæra borist. Þegar um vinning að fjárhæð kr. 15 000 eða meira er að ræða, skal vinningshafi framvísa þátttökukvittun sinni ásamt útfylltu útborgunareyðublaði, sem söluaðili lætur honum í té, til einhvers söluaðila eða aðalskrifstofu. Skal hann fá í hendur kvittað eintak útborgunareyðublaðsins til staðfestingar á afhendingu greiðslu vinningsins um leið og gengið hefur verið úr skugga um að leikreglum hafi verið fylgt. Vextir reiknast ekki á vinninga.
- 7.3 Vinninga skal vitja innan eins árs frá útdráttardegi ella fellur niður réttur vinningshafa til hans.

### 8. Form þátttökukvittunar.

- 8.1 Þátttökukvittun er því aðeins gild, að notað sé þar til gert eyðublað, sem gefið er út af Íslenskrari getspá, og að hún hafi verið gefin út af söluaðila viðurkenndum af stjórn félagsins með áritun úr sölukassa tengdum tölvukerfi þess. Þátttökukvittun má ekki vera árituð á framhlíð, brotin eða skemmd með einhverjum hætti, þannig að hætta sé á að hún verði ekki læsileg fyrir tölvukerfi félagsins, eða fullnægi ekki kröfum þess á annan hátt. Þegar þannig er ástatt getur félagið hafnað þátttökukvittuninni.

### 9. Kærur.

- 9.1 Rísi ágreiningur varðandi framkvæmd þessara talnagetrauna, skal viðkomandi þátttakandi senda skriflega kæru, sem skal hafa borist aðalskrifstofu Íslenskrar getspár fyrir kl. 17 á tuttugasta og fyrsta degi frá og með útdráttardegi að telja. Úrskurðaraðili skipaður af dómsmálaráðuneytinu samkvæmt lið 10.2 úrskurðar um kærana innan 15 daga frá því að kærufrestur rann út. Kærur vegna 1. vinnings í „Víkingalottó“ sem nema 200 000 ECU eða meiru skulu þó úrskurðaðar af aðalstjórn „Víkingalottós“ samkvæmt lið 3.4 í samstarfsreglum fyrir „Víkingalottó“.

### 10. Eftirlit.

- 10.1 Dómsmálaráðuneytið hefur eftirlit með allri framkvæmd talnagetrauna Íslenskrar getspár.
- 10.2 Til að úrskurða kærur samkvæmt lið 9.1 skipar ráðuneytið til þriggja ára í senn mann sem fullnægir skilyrðum til að vera dómari og einnig varamann sem fullnægir sömu skilyrðum.

- 10.3 Eftirlit með tölvukerfi Íslenskrar getspár skal vera í höndum endurskoðunarskrifstofu sem ráðuneytið samþykkir.
- 10.4 Kostnað við almennt eftirlit með getraunastarfseminni, eftirlit með útdrætti vinninga og meðferð kæra greiðist af Íslenskri getspá samkvæmt úrskurði dómsmálaráðuneytisins.

### 11. Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir, nr. 26, 2. maí 1986, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð nr. 410, 16. ágúst 1988 ásamt síðari breytingum.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. febrúar 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Jón Thors.

1. mars 1993

Nr. 87

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, er taki gildi 1. mars 1993:

Gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, nr. 483, 10. október 1991:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 3,6%.

*Iðnaðarráðuneytið, 1. mars 1993.*

F. h. r.

**Baldur Pétursson.**

Steinunn Bjarmán.